

Viðskiptaráðuneytið og Neytendastofa gera með sér svohljóðandi samning

I. Tilgangur

Í samningi þessum er kveðið nánar á um hlutverk Neytendastofu, sbr. lög nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda og samskiptaferli milli stofnunarinnar og ráðuneytis er fest í sessi.

Jafnframt er kveðið á um gagnkvæmar skyldur viðskiptaráðuneytis og Neytendastofu við útfærslu á lögbundnu hlutverki og verkefnum stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar. Samningurinn breytir þó engu um ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri Neytendastofu né þeim stjórnsýsluskyldum sem ráðherra og stofnunin hafa lögum samkvæmt.

II. Hlutverk

Hlutverk Neytendastofu er að annast framkvæmd laga um neytendavernd og tryggja virkt eftirlit með fagmönnum, öryggi og réttindum neytenda.

III. Verkefni

Helstu verkefni stofnunarinnar eru:

- Réttindi neytenda.
- Öryggi neytenda.
- Réttindi og skyldur fagmanna.
- Nákvæmar og réttar mælingar.
- Stjórnsýsluúrræði á sviði neytendaverndar.

IV. Markmið og áherslur

Neytendastofa skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið og leiðir ásamt því að tilgreina hvernig staðið skuli að mati á árangri.

Almenn markmið:

Neytendastofa skal leggja áherslu á:

- Að vera hágæða stjórnsýslustofnun á sviði neytendaverndar.
- Að þróa verklag við stjórnsýslu og eftirlit á sviði neytendaverndar sem tryggir hag neytenda og þjónar fagmönnum og aðilum í viðskiptalífi.
- Að auka framleiðni og einföldun í opinberu eftirliti m.a. með notkun rafrænnar tækni og veitingu rafrænnar þjónustu þar sem það á við.
- Að miðla þekkingu og reynslu til neytenda, fagmanna og aðila í stjórnsýslunni.

Sérstök markmið til 2008:

- Ný heimasíða Neytendastofu verði opnuð fyrir lok janúar 2007.
- Rafræn stjórnsýsla verði tekin upp hjá Neytendastofu fyrir lok janúar 2007.
- Fræðsluefni, s.s. útgáfa bæklinga fyrir neytendur og atvinnulífið verði gerðir og þeir kynntir ráðuneytinu fyrir árslok 2007.

- Stefnt skal að nánari kostnaðargreiningu starfsþátta Neytendastofu sem fjárlög eru byggð á til upplýsingar fyrir ráðuneytið.
- Auknar skoðanir á raflögnum íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.
- Auknar skoðanir á rafföngum á markaði og prófanir
- Aukin fræðsla til fagmanna og almennings. Frekari útgáfa fræðslurita.
- Auknar rannsóknir og fræðsla vegna slysa af völdum rafmagns.
- Hrunðið verði af stað verkefni um fjármálalæsi skólabarna.
- Undirbúningur og þátttaka í fagraði sem stofnað var með lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn í júní 2006.
- Upplýsingasíða fyrir neytendur (www.neytendur.is)
- Eftirlit með mælingum fjarskiptafyrirtækja í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun og mælifræðisvið.
- Kynningarit um "öryggi heimilisins".
- Kynningarátak og fræðsluefni vegna orkumerkinga og orkunýtni raffanga - fræðslurit.
- Sameiginlegt fræðsluátak rafmagnsöryggisdeildar og SART vegna útgáfu nýs raflagnastaðals.

V. Skyldur og ábyrgð samningsaðila

Á samningstímanum munu Neytendastofa og viðskiptaráðuneytið standa að verkefnum sem hér segir:

Neytendastofa skal:

- **Fyrir 1. júní 2007** leggja fram langtímaáætlun til næstu þriggja ára, um helstu áherslusvið og forgangsröðun. Áætlunin skal höfð að leiðarljósi við gerð ársætlunar.
- **Fyrir 1. maí 2007** móta starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun og senda ráðuneytinu eintak þeirra. Stefnumiðin skulu jafnframt birt á heimasíðu stofnunarinnar.
- **Í febrúarmánuði ár hvert** leggja mat sitt á lagabreytingar, stjórnvaldsfyrirmæli og önnur atriði sem haft geta áhrif á útgjaldaliði og gera ráðuneytinu skil á fjárlagatillögum sem taka mið af þeim breytingum.
- **Fyrir lok júlí ár hvert** skila ráðuneytinu ársskýrslu vegna starfseminnar á liðnu ári, þar sem gerður er samanburður á árangri og markmiðum.
- **Fyrir lok nóvember ár hvert** skila ráðuneytinu drögum að ársáætlun fyrir næsta ár sem geymi bæði tiltekin mælanleg markmið innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar, svo og drögum að rekstraráætlun; lokið skal við áætlanagerð eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.


Viðskiptaráðuneytið skal:

- Leiðbeina stofnuninni um forsendur vegna stefnumörkunar og vekja athygli á laga- og reglugerðarbreytingum er varða rekstur hennar;
- Taka innan þrjátíu daga afstöðu til markmiðssetningar, forgangsröðunar og mælikvarða sem koma fram í langtímaáætlun og ársáætlunum og koma sjónarmiðum ráðuneytisins á framfæri vegna þess;
- Beita sér fyrir því að fjárhagsgrundvöllur stofnunarinnar sé sem traustastur, m.a. í tengslum við breytingar á gjaldskrá
- Halda fund með forstöðumanni ár hvert þar sem farið er yfir þróun á starfssviði stofnunarinnar, stöðu hennar, og þar sem árangur og áætlanir eru ræddar. Skal m.v. að slíkur fundur sé haldin í tengslum við skil á ársskýrslu stofnunarinnar.


VI. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun og gildir í fimm ár. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningstímanum. Stefnt skal að því að vinna við endurnýjun samningsins hefjist þremur mánuðum fyrir lok samningstímans. Sé nýr samningur ekki gerður fyrir lok samningstímans framlengist gildistíminn þar til nýr samningur öðlast gildi.

Reykjavík 5. janúar 2007.



Viðskiptaráðherra



Forstjóri Neytendastofu